

18. júlí 1978.

423

Nr. 248.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 22. júlí 1978 nema kr. 48.40 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 22. júlí 1978. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafi gjald skv. 1. gr. laga nr. 78/1977 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 22. júlí 1978, skal greiða kr. 11.90 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítra af bensíni eða meira þann 22. júlí 1978 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 22. júlí 1978.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. júlí 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Árni Kolbeinsson.